

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá bs. Stekkjarvík



<b>Dags eftirlits</b>	6.10.2022	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Freyr Ævarsson
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurá bs.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Heimili</b>	Skagfirðingabraut 17	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5602060620	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Elvar Bjarki Gíslason	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Magnús B. Jónsson	<b>Staðsetning</b>	441620,709 580284,876

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö ný frávik komu fram í eftirlitinu: a) Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. b) Skráningum sem átti að skila fyrir 1. maí sl. hefur ekki verið skilað. Auk þess voru þrjár ábendingar gerðar: a) Meðhöndlað timbur má ekki nota sem yfirlag. b) Eftir fremsta megni skal leitast við að meðhöndla og nýta það hauggas sem safnað er. c) Hvatt er til að koma körum sem í er safnað raftækjum, spilliefnum o.fl., fyrir á hentugri stað. Enn er opið frávik úr eftirliti 2.5.2019 sem varðar hreinsun sigvatns.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá urðunarstað Norðurár bs. í Stekkjarvík. Elvar Bjarki Gíslason verkstjóri og Magnús B. Jónsson formaður stjórnar Norðurár bs. voru fulltrúar rekstraraðila og Freyr Ævarsson og Sigríður Magnúsdóttir eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar. Auk þess sat fundinn, Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra. Norðurá bs. er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 26. nóvember 2010 og gildir til 26. nóvember 2026. Starfsleyfið heimilar urðun á allt að 21.000 tonnum á ári af almennum og óvirkum úrgangi á ári.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Samráðsfundur með Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra skv. gr. 1.10 í starfsleyfi
2. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
3. Ábendingar frá 2019 varðandi annars vegar vistun skráninga á hauggasi og hins vegar skráningar á hvar stöðug óvirk spilliefni eru urðuð
4. Opið frávik frá 2019 varðandi hreinsun sigvatns
5. Gagnaskil skv. gr. 5.1 í starfsleyfi
6. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
7. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
8. Önnur mál
9. Skoðunarferð

1. Samráðsfundur með HNV skv. gr. 1.10 í starfsleyfi

Í vetur verður stækkun urðunarhólfs ákveðin og boðin út. Reiknað er með að stækkað urðunarhólf verði tekið í notkun sumarið 2023. Að öllum líkindum þarf að breyta hreinsivirki/siturbeði samhliða breytingum á urðunarhólfinu.

2. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Grænu bókhaldi var skilað innan tilskilins frests en útstreymisbókhaldi var ekki skilað fyrr en eftir að frestur til þess rann út.

Skráningum sem skila á fyrir 1. maí ár hvert, skv. gr. 5.4 í starfsleyfi, hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar.

Alls voru urðuð 20.479 kg árið 2021 sem er innan marka starfsleyfis.

3. Ábendingar frá 2019 varðandi annars vegar vistun skráninga á hauggasi og hins vegar skráningar á hvar stöðug óvirk spilliefni eru urðuð.

Skráningar á hauggasi lágu fyrir. Þegar stöðug óvirk spilliefni eru urðuð eru tekin hnit og haldin skrá yfir þá staði.

4. Opið frávik frá 2019 varðandi hreinsun sigvatns  
Sigvatnsmælingar ársins 2021 voru sendar eftirlitsaðila að eftirliti loknu. Mælingar sýna hærra gildi sumra mælipátta neðan hreinsivirkis en ofan þess. Í úrbótaáætlun sem barst Umhverfisstofnun þann 6. janúar 2021 kom fram að ef niðurstöður mælinga á sigvatni vorið 2021 bentu til þess að hreinsivirkið virkaði ekki sem skyldi, yrði það „grafið upp og skipt um síuefni í samráði við ráðgjafa.“ Rekstraraðila er bent á að upplýsa þarf Umhverfisstofnun um allar breytingar á samþyktri úrbótaáætlun, og eftir tilvikum, fá samþykki stofnunarinnar fyrir þeim.
5. Gagnaskil skv. gr. 5.1 í starfsleyfi  
Farið var yfir hvaða gögnum rekstraraðili á að skila til Umhverfisstofnunar skv. starfsleyfi.
6. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða  
Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
7. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta  
Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.
8. Önnur mál  
Rætt var um vinnu við skráningu á menguðum jarðvegi sem er í gangi hjá Umhverfisstofnun. Rekstraraðili spurði um vinnu við nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn. Starfsleyfi sem gerir ráð fyrir brennslustöð er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.
9. Skoðunarferð  
Ekið var um urðunarstaðinn.  
Tæknirými vegna gassöfnunar var skoðað sérstaklega sem og hreinsivirki.  
Farið var yfir fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun urðunarhólfins.  
Timburkurl sem notað er sem yfirlag á urðunarstaðnum er greinilega unnið að talsverðu leyti úr meðhöndluðu timbri sem ekki samræmist kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi.  
Kör sem í er safnað raftækjum, spilliefnum og öðru sem berst í urðunarhólf en er ekki urðað, standa óvarin á urðunarstaðnum og eru áform hjá rekstraraðila að koma þeim fyrir á hentugri stað. Rekstraraðili er hvattur til að hraða þeirri vinnu.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

gr. 5.5 í starfsleyfi.

Útstreymisbókhaldi var ekki skilað fyrir 1. maí sl.

gr. 5.4 í starfsleyfi.

Skráningum á umhverfis- og rekstrarþáttum sem tilgreindir eru í gr. 5.1, hefur ekki verið skilað að öllu leyti.




## ÁBENDINGAR

- 1) Rekstraraðila er bent á að notkun á meðhöndluðu timbri sem yfirlags samræmist ekki þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi.
- 2) Minnt er á ákvæði í starfsleyfi um að eftir fremsta megni skuli leitast við að meðhöndla og nýta það hauggas sem safnað er.
- 3) Rekstraraðili er hvattur til að koma körum sem í er safnað raftækjum, spilliefnum og öðru sem berst í urðunarhólf en er ekki urðað, sem fyrst fyrir á hentugri stað.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.11.2022



Freyr Evarsson

